

1919

SKÁLDSKAPARMÁL.

VÆNGJABIR VAGNAR.

BLETTIR Á SÓL OG  
BREYTINGAR Á  
LOFTSLAGI JARÐAR.



DR. H. P.

Skírnis 1919

## Skáldskaparmál.

(Athugasemd).

Í Skáldskaparmálum, 17. kap. (sögu Hrunnis), segir svo í útgáfu Finns Jónssonar af Snorra Eddu, Kbh. 1900: [jötnum] »var illz ván af Þór, ef Hrunnir léti, fyrir því at hann var þeira sterk- astr«.

Væri þá þetta þannig að skilja (þó að »Hrunnir« sé ekki rétt þolfallsmynd): Jötnum var ills von af Þór, ef þeir mistu Hrunni, af því að hann o. s. frv.

Í eldri útgáfum af Eddu þeim sem eg hefi séð (Rasks, Arna Magnússonar nefndariunar, Sveinbj. Egilssonar, Þorleifs Jónssonar) stendur: ef Hrunnir létizt, fyrir því (hjá Sv. E.: firir) o. s. frv.

Líklega er þetta hvorugt rétt. Þannig mun eiga að rita: þeim [jötnum] var illz ván af Þór, ef Hrunnir léti fyrir, því at hann var þeira sterkast. Eða með öðrum orðum, eins og prófessor Finnur hefir prenta látið, að undanteknu greinarmerkinu, sem mun vera rangt sett. Og orðin »ef Hrunnir léti fyrir« þýða: ef Hrunnir biði ósigur; sbr. að láta undan. Til stuðnings máli mínu get eg vitnað í það, hvernig Snorri notar orðtæki þetta í öðrum stöðum. Í Ólafs sögu Tryggvasonar (Heimskringla, útg. Finns Jónssonar, Kbh. 1911) 92. kap. segir svo: »aldri skal ek hræddr fara fyrir Sveini konungi bróður þínum, ok ef okrir fundir verða, þá skal hann fyrir láta«. Og í Hákonar sögu Herðibreiðs 5. kap. (áðurnefnd útg. bls. 599) segir Gregorius Dagsson svo: »því at ek ætla enn, sem fyrr hefir verit, at þeir myni fyrir verða láta, ef vér leggjum skeleggiga at« o. s. frv.

Einnig má hér biðja menn að ihuga orðið »ófyrlátssamur«.

Það er að vísu að eins smáatriði, sem hér ræðir um, en þó er ekki alveg þýðingarlaust, að þetta sé rétt haft, og í engu spilt frá- sögn snillingeins.

Helgi Pjeturss.